


Skipulagsstofnun  
Bt Jakobi Gunnarssyni  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík  
skipulag@skipulag.is

Dags. 15. janúar 2024  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2023-0312

Með erindi dags. 14. desember sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um urðun á óvirkum úrgangi á Njarðvíkurheiði.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við framkvæmd þessa.

Virðingarfyllt,  
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir  
Sérfræðingur á rekstrarsviði



Reykjanesbæ 17. janúar 2024  
Nr 2023120262

Skipulagstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

**Varðar: Fyrirspurn um matskyldu: Urðun á óvirkum úrgangi á Njarðvíkurheiði -  
umsagnarbeiðni**

Skipulagsstofnun óskar umsagnar um Fyrirspurn um matskyldu: Urðun á óvirkum úrgangi á Njarðvíkurheiði.

Fyrirspurnin gerir nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar. Reykjanesbær gerir ekki athugasemdir við þá umhverfispætti sem matið tekur til, valkosti sem lagt er mat á, gagnaöflun, hvernig unnið er úr gögnunum til að meta umhverfisáhrif og hvernig þau eru sett fram.

Framkvæmdin er framkvæmdaleyfiskyld og er sveitarfélagið leyfisveitandi.

*Umsögn staðfest á fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags 19.02.2024 og fundi bæjarstjórnar dags 23.01.2024.*

Virðingarfyllst,

Gunnar Kr Ottósson arkitekt  
Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæ

**From:** Þór Hjaltalín <[thor@minjastofnun.is](mailto:thor@minjastofnun.is)>

**Sent:** 16.01.2024 00:00:00

**To:** Skipulagsstofnun - SLS; Gunnar Kristinn Ottósson

**Subject:** Urðun á óvirkum úrgangi á Njarðvíkurheiði - fyrirspurn um matsskyldu (Skipulagsgátt nr. 10142023) - umsögn Minjastofnunar

You don't often get email from [thor@minjastofnun.is](mailto:thor@minjastofnun.is). [Learn why this is important](#)

**Urðun á óvirkum úrgangi á Njarðvíkurheiði – fyrirspurn um matsskyldu nr. 202312-0094/pH**

Skipulagsstofnun óskaði umsagnar Minjastofnunar Íslands við fyrirspurn um matsskyldu vegna efnislosunarsvæðis á Njarðvíkurheiðum, en fylgigagn var greinargerð frá VSÓ Ráðgjöf, *Urðun á óvirkum úrgangi í Reykjanesbæ – Matsskyldufyrirspurn* (dags. í desember 2023).

Minjastofnun gaf umsögn um deiliskipulagstillögu fyrir umrætt svæði þann 30. júní 2023, en af því tilefni fór fram fornleifaskráning á deiliskipulagsreitnum; Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Njarðvíkurheiði* (Fornleifafræðistofan 2023). Í niðurstöðum Bjarna segir: „Við vettvangskönnun þann 3. mars síðastliðinn komu engar fornleifar í ljós og litlar sem engar líkur á að þær finnist. Svæðið var allt gengið og minja leitað. Engar heimildir eru um að þarna kunni að leynast fornleifar“.

Minjastofnun telur fyrirbyggjandi gögn fullnægjandi og hefur að öðru leyti ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.

**Með kveðju / Kind regards / Venlig hilsen**

**Þór Ingólfsson Hjaltalín**

*Sviðsstjóri minjavarðasviðs / Director for Regional Heritage Management*

*Minjavörður Reykjanes / Cultural Heritage Manager for Reykjanes*

Minjastofnun Íslands / The Cultural Heritage Agency of Iceland / Íslands kulturarvsstyrelse

Suðurgata 39, | 101 Reykjavík | Sími/Tel. 5701314 | Farsími: 845 8510

[thor@minjastofnun.is](mailto:thor@minjastofnun.is) / [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)



## Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
107 Reykjavík

Reykjanesbæ 14. janúar 2024

### Efni: Umsögn vegna urðunar á óvirkum úrgangi í Reykjanesbæ.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 14. desember sl., þar sem óskað er umsagnar um tilkynningu framkvæmdar um matsskylduákvörðun fyrir urðun óvirks úrgangs á Njarðvíkurheiði.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja telur nægilega gert grein fyrir þeim þáttum sem embættið tekur sérstaklega til skoðunar og gerir ekki athugasemdir við greinagerð Reykjanesbæjar um matsskyldufyrirspurn.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja telur framkvæmdina og áætlaða starfsemi ekki matsskylda.

Virðingarfyllst,

J. Trausti Jonsson

Digitally signed by J. Trausti Jonsson  
DN: cn=J. Trausti Jonsson, o, ou,  
email=trausti@hes.is, c=IS  
Date: 2024.01.14 20:24:45 Z

J. Trausti Jónsson,  
heilbrigðisfulltrúi.

UMHVERFIS  
STOFNUNSkipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 ReykjavíkReykjavík, 12. janúar 2024  
UST202312-148/R.K.  
10.05.00

## Efni: Ósk um umsögn - mat á umhverfisáhrifum - Urðun á óvirkum úrgangi á Njarðvíkurheiði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 14. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Fyrirhuguð starfsemi er starfsleyfisskyld skv. tl. 8d, í II viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun bendir á að málshraðaviðmið stofnunarinnar fyrir útgáfu starfsleyfa er allt að 240 dagar.

### Framkvæmdarlýsing

Reykjanesbær áformar að útbúa móttökustöð, geymslusvæði og urðunarstað fyrir óvirkan úrgang á Njarðvíkurheiði, sunnan Reykjanesbrautar, austan Patterson-svæðisins. Framkvæmdin felst í undirbúningi og rekstri móttökustöðvar, geymslusvæðis og urðunarstaðar, gerð aðkomuvegar, uppbyggingu á aðstöðu fyrir starfsfólk og öðrum mannvirkjum sem tengjast starfseminni. Heildarstærð svæðisins er rúmlega 4,9 ha að öllu meðtöldu. Áætlað er að hægt verði að koma fyrir 230.000 m<sup>3</sup> af óvirkum úrgangi á staðnum til varanlegrar geymslu og að hann verði nýttur í þeim tilgangi í 15 ár. Auk þess er gert ráð fyrir flokkun og tímabundinni geymslu á öðrum óvirkum úrgangi á svæðinu.

### Landslag og ásýnd

Umhverfisstofnun beinir því til framkvæmdaáðila að huga vel að staðsetningu mannvirkja og urðunar úrgangs, ásamt því að draga úr stórri haugsetningu eins og kostur er til þess að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á ásýnd svæðisins.

### Lög um stjórn vatnamála

Í umfjöllun um vatnamál í skýrslunni er talið ólíklegt að framkvæmdin komi til með að hafa áhrifa á undirliggjandi grunnvatnshlot. Urðunarstaðurinn sé staðsettur á grágrýtisklöpp sem sé ekki jafn gljúp og nútímahraun á svæðinu og að grunnvatnstraumurinn liggji í átt frá fjarsvæðum vatnsverndar á Reykjanesi.

Á bls. 10 kemur fram að efnafræðilegt ástand og magnstaða sé góð sem er ekki rétt en Vatnavefsjáin getur verið villandi hvað það varðar. Þar kemur einnig fram að magnstaða er óþekkt en efnafræðin er það líka vegna þess að ekki eru til gögn til að segja til um ástandið. Grunnvatnshlotið sem er á svæðinu er Romshvalanes 1 nr. 104-115-1-G, við afgreiðslu starfsleyfisumsóknar mun umsóknaraðili þurfa að skila inn áhrifamati vegna

grunnvatnshlotsins, þ.e. mati á því hver möguleg áhrif starfseminnar verða á grunnvatnshlotið.

Markmið laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 eru samkvæmt m.a. 1. gr. þeirra að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Til þess að hægt sé að leggja mat á hvort að starfsemi og framkvæmdir hafi áhrif á vatnshlot þarf að fara fram mat á áhrifum á gæðabætti sem skilgreindir hafa verið. Áhrifamatið þarf að uppfylla kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og breytingar á starfseminni eiga að samræmast markmiðum og kröfum laganna. Í því felst að fjalla m og meta áhrif framkvæmdarinnar á gæðabætti grunnvatns og hvort framkvæmdin geti leitt til þess að þau nái ekki umhverfismarkmiðum.

Umhverfismarkmið grunnvatnshlota er að vera í góðu efnafræðilegu ástandi og hafa góða magnstöðu sbr. 12. gr. laganna. Í samræmi við umhverfismarkmiðin þarf áhrifamatið að svara því hvort að stækkunin muni hafa áhrif á umhverfismarkmið vatnshlota og hvort hún geti valdið því að umhverfismarkmið þeirra náist ekki.

Áhrifamat skal fjalla um:

- Skýran tilgang með áhrifamatinu þ.e. að það er unnið til að meta áhrif framkvæmdarinnar á umhverfismarkmið vatnshlotsins og hvort hætta sé á að ástand vatnshlotsins rými miðað við núverandi stöðu.
- Fjalla um stöðu vatnshlotsins í dag (óflökkað vegna skorts á gögnum).
- Gæðabætti í grunnvatni - hvort að starfsemin geti haft áhrif á þá og valdið því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum.

### **Hringrásarhagkerfið**

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á hringrásarhugsun sem æskilegt væri að hafa til hliðsjónar við urðun á óvirkum úrgangi. Að einungis sá úrgangur sé urðaður á staðnum sem ekki er hægt að endurnýta til annarra framkvæmda eða verkefna. Urðun skuli vera síðasti kosturinn þegar útséð er að aðrir endurnýtingarkostir komi ekki til greina.

### **Niðurstaða**

Umhverfisstofnun telur að umfjöllun í greingerð um möguleg umhverfisáhrif sem starfsemin getur valdið hafið verið fullnægjandi og að framkvæmdin komi ekki til með að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Ríkey Kjartansdóttir  
**Sérfræðingur**

Sverrir A. Jónsson  
**teymisstjóri**

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 10. janúar 2024  
Málsnúmer: 202312-0018  
LA

### Efni: Umsögn um matsskyldu á urðun óvirks úrgangs á Njarðvíkurheiði

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 14. desember 2023, þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynningu framkvæmdar um matsskylduákvörðun. Framkvæmdin felst í undirbúningi og rekstri móttökustöðvar, geymslusvæðis og urðunarstaðar, gerð aðkomuvegar, uppbyggingu á aðstöðu fyrir starfsfólk og öðrum mannvirkjum sem tengjast starfsemi. Heildarstærð svæðisins á deiliskipulagi er rúmlega 4,9 ha, þ.m.t. urðunarstaður, byggingareitir og aðkomuvegur. Áætlað er að hægt verði að koma fyrir 230.000 m<sup>3</sup> af óvirkum úrgangi á staðnum til varanlegrar geymslu og að hann verði notaður í þeim tilgangi í 15 ár. Að auki er gert ráð fyrir að jarðefni og annar óvirkur úrgangur verði geymdur tímabundið, flokkaður og unninn og honum miðlað áfram til nýrrar notkunar eftir því sem kostur er.

Heimilt er að losa allt að 500.000 m<sup>3</sup> af efni, bæði til geymslu í styttri og lengri tíma. Hæð efnis skal að jafnaði vera allt að 10 m hátt en þó mega haugar vera allt að 15 m háir. Svæðið verður nýtt til efnislosunar næstu 15 árin og eftir það verði gengið frá svæðinu með þeim hætti að það falli vel að umhverfi, að landformum í nágrenninu og vísað er til leiðbeininga um efnistöku og frágang (Vegagerðin ofl., 2002). Fyrirhuguð framkvæmd er áformuð í samræmi við deiliskipulagið.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsskyldufyrirspurn framkvæmdar sem er vel unnin og í henni er gerð grein fyrir þeim þáttum sem mögulega verða fyrir umhverfisáhrifum. Náttúrufræðistofnun vill benda á eftirfarandi:

- Urðun er ekki góður kostur til framtíðar og því þarf að endurnýta úrgangsefni eins og kostur er og með því draga úr urðun. Fram kemur í tilkynningu að stuðlað verði að endurnýtingu efna innan urðunarsvæðisins.
- Framkvæmdasvæðið er í nálægð gliðunarbeltis þar sem jarðskjálftar eru algengir. Mikilvægt er að þekkja vel sprungur og misgengi innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og forðast staðsetningu mannvirkja í nálægð þeirra.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir og telur framkvæmdina ekki matsskylda

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir  
jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið





Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Jakob Gunnarsson  
Sérfræðingur, Svið umhverfismats  
Jakob.Gunnarsson@skipulag.is

### Umsögn vegna urðunar á óvirkum úrgangi í Reykjanesbæ.

Mál nr. 1014/2023

Vegagerðin hefur yfirfarið matsskyldufyrirspurn vegna urðunar á óvirkum úrgangi í Reykjanesbæ sem unnin er af VSÓ ráðgjöf dags desember 2023.

Vegagerðin telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni út frá sínu starfssviði og telur að með samráði verði þeir þættir sem snúa að starfssviði Vegagerðarinnar tryggðir.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Rannveig María Jóhannesdóttir  
Landfræðingur  
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt



Síða 1/1

Vegagerðin  
Suðurlhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is